

Hörgárdalsvegur (815), Skriða – Björg

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Hörgárdalsvegar (815), Skriða – Björg, Arnarneshreppi og Hörgárbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þarf leyfi Fiskistofu (áður Matvælastofnunar) til mannvirkjagerðar í veiðivötnum skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax – og silungsveiði. Aðalskipulagsstillaga Hörgárbyggðar er í auglýsingu, hafi hún ekki hlotið staðfestingu þegar framkvæmdaleyfis er óskað, þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í auglýstri aðalskipulagsstillögu er gert ráð fyrir legu Hörgarvegar (815) samkvæmt valkosti A. Valkostur B er hins vegar ekki í samræmi við fyrirhugað skipulag og komi til þess að sú leið verði valin þarf að tryggja að aðalskipulag sé í samræmi við það.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. september 2008.

8. ágúst 2008

INNGANGUR

Þann 27. febrúar 2008 tilkynnti Vegagerðin um vegaf framkvæmdir á Hörgárdalsvegi (815), Skriða – Björg, í Arnarneshreppi og Hörgárbyggð til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, veiðimálastjórnar Matvælastofnunar (nú Fiskistofa), Mílu ehf., Norðurorku, Rarik og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Arnarneshreppi með tölvupósti dags. 18. mars 2008, Hörgárbyggð með bréfi dags. 6. mars 2008, Fornleifavernd ríkisins með tölvupósti dags. 26. mars 2008 og bréfi dags. 1. ágúst 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 19. mars 2008, veiðimálastjórn Matvælastofnunar með bréfi dags. 12. mars 2008, Norðurorku með bréfi dags. 7. mars 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. mars 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 12. og 19. mars, 1. apríl og tölvupósti dags. 7. ágúst 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að endurbyggja, styrkja og leggja bundið slitlag á 8,6 km kafla Hörgárdalsvegur á veghluta sem hefjist framan við bæinn Björg í Arnarneshreppi og endi rétt utan við Skriðu í Hörgárbyggð. Framkvæmdin liggja á 3,5 km kafla innan vatnsverndarsvæðisins Vagla, eins af varavatnsbólum Akureyringa, bæði grann – og fjarsvæða vatnsverndarsvæðisins. Brunnsvæði vatnsbólins liggja utan framkvæmdasvæðis, austan Hörgár og afmarkist af Hörgá og Hringveginum við Þelamörk.

Markmið framkvæmdarinnar sé að bæta vegasamband á Hörgárdalsvegi, bæta umferðaröryggi með því að lagfæra veglínu, fækka einbreiðum brúm og færa vegstæði fjær býlum. Veglínan muni að mestu fylgja núverandi vegi, nema á kafla milli Hólkots og Skriðu verði um að ræða nýtt vegstæði. Þar séu til skoðunar tveir valkostir, veglína A og veglína B. Hörgárdalsvegur sé tengivegur, 30 m breiður, verði með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 70 -90 km/klst hámarkshraða. Vegurinn verði að mestu lagður á fyllingu. Hæsta fylling verði um 3 m há og 22 m breið við syðri hluta framkvæmdarinnar. Grunnar hliðarskeringar verði helst þar sem veglína víkur af núverandi vegi og verði stærsta skering um 2 m djúp. Fram kemur að áætluð efnispörf sé um 112.000 – 131.000 m³, háð valkostum. Fram kemur að verktaki megi hvergi taka efni nema úr vegskeringum, skilgreindum námum við Tunguár (B og C) og opinni námu í landi Bjarga (náma A). Úr námum B og C, farvegi Ytri – og Syðri Tunguár, sé gert ráð fyrir að taka um 20.000 m³ úr hvorri námu fyrir sig, einungis sé um tímabundna efnistöku að ræða vegna ræsagerðar og lagfæringar á farvegi árinna, svo hún renni eingöngu í einum farvegi. Samhliða efnistöku úr farvegum Tunguánna, verði byggðir tveir varnargarðar meðfram bökkum þeirra svo verjast megi landbroti. Úr námu A sé áætlað að taka tæplega 19.000 m³ og náman sem sé afmörkuð í Aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997 – 2017 og verði opin áfram.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að á bæjum við fyrirhugað vegstæði sé stundaður hefðbundinn búskapur. Í nágrenni framkvæmdasvæðisins liggja lagnir vegna hitaveitu, jarðsíma og raflína – loftlína og verði kynntar í útboðsgögnum og merktar vel áður en framkvæmdir hefjast. Þar sem girðingum verði raskað muni framkvæmdaraðili girða meðfram veginum í samráði við landeigendur að framkvæmdum loknum. Áfram verði tryggt tengingar við námur og tún. Að mati framkvæmdaraðila verða helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun svæðisins þar sem endurbygging vegarins komi til með að þvera tún og beitolönd á tveimur köflum.

Áhrif á landslag. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslag, hvort sem er á vegstæði eða við námur, þar sem landslagi hafi þegar verið raskað með núverandi vegi, námuvinnslu og búskap. Helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði á þeim kafla þar sem nýr vegur mun liggja neðan núverandi vegar og raska grónu landi, en einnig þar sem verða vegskeringar og háar fyllingar.

Áhrif á lífríki og jarðmyndanir. Fram kemur að framkvæmdin verði að mestu leyti innan núverandi vegstæðis eða svæðis sem þegar hefur verið raskað með búfjárbæit og túnrækt. Innan þess hluta framkvæmdasvæðisins sem lendir utan núverandi vegstæðis séu tún og beitolönd, en einnig ógrónar keilur við Ytri- og Syðri Tunguá. Ekki hafi verið kannað hvort sérstæðan gróður eða sjaldgæfa fugla sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Framkvæmdaraðili telur að áhrif vegna framkvæmdarinnar á gróðurfar og jarðmyndanir verði óveruleg, en geti haft tímabundin óveruleg áhrif á fugla á meðan á framkvæmdum standi.

Áhrif á vatn og vatnsvernd. Fram kemur að vatnsverndarsvæðið á Vöglum sem að hluta til fellur innan framkvæmdarsvæðisins sé hluti af aukavatsnbólum fyrir Akureyri. Síðastliðin ár hafi þau lítið verið notuð og frá árin 1995 hafi um 15 – 25% af heildarkaldavatsöflun komið frá Vaglaeyrum. Við framkvæmdina verði reynt að takmarka allt rask í nágrenni ána á svæðinu eins og kostur sé, svo gruggmyndun í vatni verði sem minnst. Að mati framkvæmdaraðila muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á grannsvæði vatnsverndar og vatnsbúskap á svæðinu.

Áhrif á menningarminjar. Í tilkynningu kemur fram að skráning á fornleifum í Hörgárbyggð hafi verið gerð í tengslum við aðalskipulagsgerð svæðisins og unnið sé að úrvinnslu skráningarinnar. Greint er frá skráningu á þeim menningarminjum sem finnast á kafla á milli Hólakots og Skriðu í skýrslu sem síðar var lögð fram. Þá kemur fram í tilkynningu að framkvæmdaraðili muni hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um frekara verklag vegna fornleifa í eða við framkvæmdasvæðið. Framkvæmdaraðili geri ráð fyrir að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar á framkvæmdasvæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997 -2017. Verið sé að vinna að aðalskipulagsgerð fyrir Hörgárbyggð og sé fyrirhuguð framkvæmd í samræmi við tillögu að því.

Vegagerðin telur að fyrirhuguð veg framkvæmd og námuvinnsla sem henni fylgi muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarstjórn Arnarneshrepps, sveitarstjórn Hörgárbyggðar, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, veiðimálastjórn Matvælastofnunar (nú Fiskistofa) og Umhverfisstofnun, telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á vatn. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að framkvæmdaraðili þurfi t.d. að gera kröfur um að tæki sem notuð verði við efnistöku á grannsvæði vatnsbólís verði skoðuð með tilliti til olfusmits. Einnig að þess verði gætt að við efnistöku verði tæki ekki við vinnu í rennandi vatni og að tækin verði þjónustuð af olíubílum utan grannsvæði vatnsverndar. Einnig mætti huga að takmörkun vinnsludýpis í farvegum Ytri- og syðri Tunguár. Þá kemur fram að stofnunin telji að framkvæmdaraðili eigi að vera í stakk búinn til að standa þannig að undirbúningi og eftirliti með framkvæmdinni að áhrif hennar verði óveruleg. Þá telur stofnunin að framkvæmdaraðili ætti að hafa skýrar verklagsreglur um framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á að lágmarka þurfi hættu á að efni frá tækjum valdi mengun á athafnasvæðinu og að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum. Í umsögn veiðimálastjórnar Matvælastofnunar er bent á að vegna efnistöku og ræsagerðar í farvegum Ytri- og Syðri Tunguár sé nauðsynlegt að fylgja ákvæðum 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax – og silungsveiði en þar er krafist umsagnar sérfræðings um hugsanleg áhrif á lífríkið. Norðurorka hf. óskar eftir því að fulltrúum fyrirtækisins ásamt fulltrúum heilbrigðiseftirlits verði gefinn kostur á að taka út þær vinnuvélar sem verða við vinnu innan grannsvæðis vatnsverndarsvæðis Vagla, m.t.t. mengunarhættu. Framkvæmdaraðili svarar því til að farvegir Tunguánna verði dýpkaðir samhliða efnistöku, til að sporna við frekara landbroti. Framkvæmdaraðili telji sig með góðu móti geta staðið að undirbúningi, framkvæmd og eftirliti þannig að neikvæð áhrif verði óveruleg. Tilhögun verksins verði með þeim hætti að efnistaka verði fyrst meðfram núverandi farvegum ána, því næst verði ánum hleypt í nýja farvegi og efni þá tekið úr núverandi farvegum þeirra. Þetta sé gert svo lágmarka megi grugg í ánum. Áætlað sé að tilfærsla ána taki 1 -2 vinnudaga og þar sem um takmarkaðan tíma sé að ræða telji framkvæmdaraðili að áhrifin verði hverfandi og hann sjái ekki ástæðu til þess að fá umsögn sérfræðings um hugsanleg áhrif á lífríki. Þá er ítrekað í svörum að í útboðsgögnum verði gerðar kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olfusmit frá þeim. Þá munu fulltrúar Norðurorku og Heilbrigðiseftirlits taka út þær vinnuvélar sem verða við vinnu innan grannsvæðis vatnsverndarsvæðisins m.t.t. mengunar. Einnig verði sett sem skilyrði í útboðsgögn að olíubílar megi ekki fara inn á grannsvæðið til að koma olíu á tæki sem notuð verða við framkvæmdirnar. Framkvæmdaraðili telur að hann geti staðið að undirbúningi, framkvæmd og eftirliti með framkvæmdinni á þann hátt að áhrif hennar verði óveruleg.

Áhrif á menningarminjar. Seinni umsögn Fornleifaverndar ríkisins sem auk tilkynningar framkvæmdaraðila byggir á skýrslu Fornleifastofu Íslands greinir frá skráningu fornleifa á fyrirhuguðu fornleifasvæði. Í umsögninni er bent á að fornleifaskráning hefur ekki farið fram á þeim hluta vegarins sem fylgir núverandi vegi. Endurbætur á þeim kafla gætu haft áhrif á fornleifar ef einhverjar eru í vegkantinum. Fornleifavernd telur að eftirfarandi menningarminjar kunni að verða fyrir áhrifum framkvæmdanna og fer fram á að framkvæmdum verði hagað á þann hátt sem stofnunin leggur til. Hóll með þústum (EY-190:019b) og garðlag og tóft (EY-190:024) sem merkja þarf á meðan á framkvæmdum stendur verði veglína B fyrir valinu. Fá þurfi fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdum nærri bæjarhól (EY-190:001) í landi Fornhaga verði ný vegtenging lögð að bænum. Vekja þarf athygli verktaka á eftirtöldum minjastöðum til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur: Þorvaldsdalsrétt (EY-190:010) í landi Fornhaga, brú (EY-191:013) í landi Dagverðartungu, akri (EY-192:019) í landi

Skriðu, Sundpolli (EY-192:020) í landi Skriðu, myllu (EY-192:021) í landi Skriðu og öskuhaug (EY-192:023) í landi Skriðu.

Fornleifavernd ríkisins leggst ekki gegn því að tveimur garðlögum (EY-191:014 og 027) í landi Dagverðartungu verði raskað vegna lagningar nýrrar heimreiðar að bænum, en sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að raska garðlögnum sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga. Í umfjöllun um Starrastaði (EY-192:013) í landi Skriðu og útihús (EY-192:007) á sömu jörð er minnt á 13 gr. Þjóðminjalaga. Að því gefnu að kröfur stofnunarinnar verði uppfylltar telur Fornleifavernd ríkisins að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu, styrkingu og lagningu á bundnu slitlagi á 8,6 km kafla á Hörgárdalsvegi (815). Framkvæmdin liggur á 3,5 km kafla innan eins af vatnsverndarsvæðum Akureyrar, Vagla, bæði grann – og fjarsvæða vatnsverndarsvæðisins. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c. í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Sjónræn áhrif á landslag. Ljóst er að framkvæmdin mun hafa tímabundið rask í för með sér, sem mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, en lítil að frágangi loknum.

Áhrif á vatn. Fyrir liggur að framkvæmdin verður á kafla innan grannsvæðis varavatnsból Akureyrar. Skipulagsstofnun telur í ljósi framkvæmda- og verklýsingar að áhrif framkvæmdanna á vatnsból verði óveruleg.

Áhrif á lífríki. Fyrir liggur að innan stærsta hluta framkvæmdasvæðisins gætir nú þegar áhrifa frá núverandi vegi, bæði á gróður- og fuglalíf. Helstu áhrif framkvæmdarinnar á lífríki eru að mati Skipulagsstofnunar hugsanleg áhrif á fisk á vatnasviði framkvæmdanna. Stofnunin telur ljóst að framkvæmdaraðili verði að vinna að framkvæmdinni eftir tilmælum Fiskistofu (áður Matvælastofnunar), þar sem um er að ræða staðsetningu og umfang framkvæmdar, sem getur haft áhrif á fiskistofna, aðstæður til veiða eða lífríki vatnsins, sbr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði og því telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki verði óveruleg.

Áhrif á menningarminjar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili viðhafi það verklag og mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins fer fram á og leggi sig fram um að koma þeim upplýsingum á framfæri við verktaka, sem munu vinna framkvæmdirnar, strax við útboð framkvæmdanna. Skilyrði Fornleifaverndar ríkisins snúa að eftirfarandi menningarminjum: Hóll með þústum á (EY-190:019b) og garðlag og tóft (EY-190:024) þarf að merkja á meðan framkvæmdum stendur verði veglína B fyrir valinu. Bæjarhóll (EY-190:001) í landi Fornhaga, komi til nýrrar vegtengingar að bænum þarf að kalla til fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdum nærri hólnum. Vegna Þorvaldsdalsréttar (EY-190:010) í landi Fornhaga, brú (EY-191:013) í landi Dagverðartungu, akri (EY-192:019) í landi Skriðu, Sundpolli (EY-192:020) í landi Skriðu, myllu (EY-192:021) í landi Skriðu og öskuhaug (EY-192:023) í landi Skriðu þarf að vekja athygli verktaka á eftirtöldum minjastöðum til að koma í veg fyrir að þeir raskist af vangá á meðan framkvæmdum stendur.

Verði tveimur garðlögum (EY-191:014 og 027) í landi Dagverðartungu raskað þá leggst Fornleifavernd ríkisins ekki gegn því, en vakin er athygli á að sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að raska garðlögnum sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga. Þá bendir stofnunin á 13. gr. Þjóðminjalaga vegna umfjöllunar um Starrastaði (EY-

192:013) í landi Skriðu og útihús (EY-192:007) á sömu jörð. Þá er minnt á að ákvæði 13. gr. þjóðminjalaga sem eigi við á öllu framkvæmdasvæðinu sem að hluta er í sléttuðum túnnum og heimatúnum þar sem athafnasvæði hafa verið um aldir og því ekki ólíklegt að áður óþekktar fornleifar geti leynst undir yfirborði. Þar sem Vegagerðin hefur fallist á skilyrði Fornleifaverndar ríkisins og telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á menningarminjar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að vegaf framkvæmdir á Hörgárdalsvegi (815), Skriða – Björg sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þarf leyfi Fiskistofu (áður Matvælastofnunar) um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax – og silungsveiði. Aðalskipulagsstillaga Hörgárbyggðar er í auglýsingu, hafi hún ekki hlotið staðfestingu þegar framkvæmdaleyfis er óskað, þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í auglýstri aðalskipulagsstillögu er gert ráð fyrir legu Hörgarvegar (815) samkvæmt valkosti A. Valkostur B er hins vegar ekki í samræmi við fyrirhugað skipulag og komi til þess að sú leið verði valin þarf að tryggja að aðalskipulag sé í samræmi við það.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. september 2008.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson